




# Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 25. ágúst 2023, 2304294

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)




**Efni: Álhella 1, fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda, umsögn.**


Vísað er til erindis Hringrásar ehf. sem hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu móttækin 22. júní 2023 um fyrirhugað framkvæmd sem er endurvinnslustöð á Álhelli 1 í Hafnarfirði. Í henni felst m.a. móttaka og geymsla fyrir útflutning á brotajárns þ.m.t. faratækjum, yfir 1.500 tonnum á ári. Framkvæmdin fellur því undir tölulið 11.07 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, sem setur hana í flokk B. Framkvæmdir í flokki B eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. 19. gr. laga nr. 111/2021. Hringrás hefur fengið Verkis til að vinna fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar um ofangreinda framkvæmd í samræmi við 20. gr. laga.




Loftmynd



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025



tillaga að deiliskipulagi



AH verður breytt m.v. þetta

## Skipulagsleg staða:

**Aðalskipulag:** Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er lóðin á iðnaðarsvæði 14. Vinna er hafin við breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, vegna ósamræmis við tillögu að breytingu á deiliskipulagi. Um iðnaðarsvæði 14 segir í greinargerð aðalskipulags:

*„Iðnaðarsvæði: Atvinnustarfsemi í flokki B2 og B3 á heima á iðnaðarsvæðum. Á svæðum í flokki B2 er gert ráð fyrir léttum iðnaði og atvinnustarfsemi sem hefur óveruleg mengandi áhrif á umhverfi sitt, svo sem ýmiskonar verkstæðum, framleiðsluiðnaði, endurvinnslu og prentþjónustu. Í flokki B3 fellur þyngri iðnaður sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og er háður lögum og reglum um mengunarvarnir.“*

**Deiliskipulag:** Upphaflegt heildar deiliskipulag svæðisins „Deiliskipulag Kapelluhrauns 2. áfangi“ var samþykkt 7.7. 2009. Í gildi er deiliskipulag Álhelli 1 sem samþykkt var 23.2.2021, samþykkt var í Bæjarstjórn að kynna breytingu á því 14.6.23, sú tillaga er nú inni á skipulagsstofnun í lokaferli. Í því ferli kom í ljós að ekki er fullt samræmi milli aðal- og deiliskipulags, þann 24.8.23 samþykkti Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar að vinna breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 til samræmis við deiliskipulagstillöguna og er sú vinna hafin. Þar eru m.a. settir eftirfarandi skilmálar:

*Jarðvegsmanir eru færðar og lengdar meðfram suðurmörkum lóðar og meðfram austurmörkum hennar einnig.*

*Ef mannvirki sem valda hávaða verða reist nær lóðarmörkum Álhelli 3 en 20 m skal reisa hljóðvegg sem staðsetja skal innan lóðarmarka Álhelli 1, í samráði við aðliggjandi lóðarhafa, allt að 6 m á hæð.....“*

## Fyrirhuguð framkvæmd/starfsemi eins og henni er lýst í greinargerð Verklís júní 2023

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að endurvinnslufyrirtækið Hringrás ehf. Fyrirhugi að flytja starfsemi sína úr Sundahöfn í Reykjavík að iðnaðarlóð Álhelli 1 í Hafnarfirði. Núgildandi lóðarsamningur Hringrásar í Klettagörðum í Reykjavík gildir fram á árið 2023 og starfsleyfi fyrir rekstrinum þar er með gildistíma til ársloka 2023.

Starfsemi Hringrásar felst m.a. í móttöku og geymslu fyrir útflutning á brotajárni og þ.m.t. farartækjum, yfir 1.500 tonnum á ári. Setja á upp málmtætara til að vinna og búa til verðmætara hráefni úr bíflökum og öðrum brotamálmi. Einnig á að byggja flokkunarstöð til flokkunar á efni sem fellur til úr gámum frá fyrirtækjum sem eru í þjónustu hjá Hringrás og þar verður einnig vél til böggunar á t.d. plasti, bylgjupappa og tróði úr blúm. Þá stendur til að byggja skrifstofu- og þjónustuhús.

Nálægð við höfn er mikilvæg fyrir starfsemina vegna útflutnings efna til endurvinnslu og horft er til þess að geta nýtt hafnaraðstöðu í Straumsvík í framtíðinni. Rekstur og meðferð málmúrgangs í tæturum sem er yfir 50 tonn/dag er háður starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð flutningur starfsemi Hringrásar að Álhelli getur haft nokkuð neikvæð áhrif á hljóðvist en hljóðvarnir verða setta upp til að draga úr áhrifum hávaða á nærliggjandi lóð. Einnig má búast má við einhverri rykmengun frá tætaranum er úðað vatni á efnið áður en það er tætt. Manir verða umhverfis lóð til að bæta ásjón og draga úr hávaða utan lóðar. Heildarniðurstaðan er að áhrif framkvæmdarinnar samkvæmt framlögðum gögnum er metin óveruleg.

**Umsögn:** Umrædd starfsemi fellur undir þá starfsemi sem vænta má á því landnotkunarsvæði sem um ræðir, þ.e.a.s. iðnaðarsvæði í flokki B3 þyngri iðnaður. Í vinnu við gerð tillögu að breytingu á deiliskipulagi, sem sérstaklega var unnin vegna umræddrar starfsemi, hefur verið tekið sérstakt tillit til þeirrar starfsemi sem til stendur að flytji á lóðina og sett inn ákvæði/skilyrði sem stuðla eiga að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar.

Það er okkar mat að skýrslan lýsi fyrirhugaðri starfseminni vel og því ferli sem átt hefur sér stað vegna undirbúnings þess að hún geti flutt að Álhelli 1.

Í ljósi þess að tekið hefur verið tillit til áhrifaþátta starfseminnar við vinnslu fyrirbyggjandi skipulagsáætlana og þess að starfsemin samræmist landnotkun á svæðinu, þá er það okkar mat að fyrirhugaðar framkvæmdir tengdar því að koma starfseminni fyrir samræmist þeim.

**Niðurstaða:** Það er niðurstaða Hafnarfjarðarbæjar að starfsemi Hringrásar hf/endurvinnslustöð. ásamt málmtætara að Álhelli 1, Hafnarfirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er háð byggingar- og framkvæmdaleyfi eftir atvikum.

Virðingarfyllst,

Lilja Grétarsdóttir  
Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

## Umsögn brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>  
Frá : Brunavarnasvið - HMS <brunavarnasvid@hms.is>  
Heiti : Umsögn brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar  
Málsnúmer : 202209036  
Málsaðili : Hringrás  
Skráð dags : 02.08.2023 00:00:00  
Höfundur : Brunavarnasvið - HMS <brunavarnasvid@hms.is>  
Viðhengi image003.jpg  
image002.png

Sæll Sigurður

Brunavarnasvið HMS hefur yfirfarið þau gögn sem fylgdu umsagnarbeiðni vegna Álhellu 1 í Hafnarfirði, flutningur á starfssemi Hringrásar ehf.

Í matskyldufyrirspurn er ekki gerð nægileg vel grein fyrir magni þeirra brennanlegu efna sem áætlað er að geyma til flutnings erlendis. Nauðsynlegt er að gerð sé grein fyrir hversu miklu magni af dekkjaúrgangi og viðarkurli er áætlað að séu lageruð á lóð fyrirtækisins. Einnig að gert sé grein fyrir þeim áhrifum sem bruni í áðurnefndum efnum getur haft á loftgæði og mengun vegna slökkvivatns.

Að því sögðu telur Brunavarnasvið HMS ekki þörf á kallað sé eftir á umhverfismati framkvæmda sé gert grein fyrir áðurnefndum atriðum.

Einnig vill HMS benda á að slík starfssemi er háð áhættumati og brunahönnun í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012

Kveðja / Best regards

**Grétar Þór Þorsteinsson**

Sérfræðingur

Brunavarnir og slökkvilið



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS

**Sent:** fimmtudagur, 6. júlí 2023 10:59

**To:** hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; hef@heilbrigdiseftirlit.is; Ríkharður F. Friðriksson ; liljagr@hafnarfjordur.is; Brunavarnasvið - HMS ; landsnet@landsnet.is; postur@minjastofnun.is; Móttaka - NI ; Snorri Sigurðsson - NI ; Umhverfisstofnun (ust@ust.is) ; Vegagerðin - VG


**Subject:** Umsagnarbeiðni Hringrás, Álhellu 1 fyrirspurn um matsskyldu

Til: Hafnarfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og nágrennis, brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðar ríkisins.

Góðan dag

Fyrirtækið Hringrás áformar flutning úr Sundahöfn að Álhellu 1 í Hafnarfirði. Hringrás hefur sent Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



Kópavogur, 15. ágúst 2023  
Tilvísun: K-18584

Sent á netfangið: [sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Efni: Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar Hringrásar að Álhelli 1, Hafnarfirði.

Þann 6. júní 2023 barst Heilbrigðiseftirlitinu erindi Skipulagsstofnunar í samræmi við 20. gr. grein laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað er eftir umsögn um matsskyldu framkvæmdar Hringrásar ehf., skýrsla nr. 247261, við gerð endurvinnslustöðvar að Álhelli 1 í Hafnarfirði. Hringrás sérhæfir sig í söfnun, vinnslu og útflutningi á brotamálum og hjólbörðum. Félagið áformar að flytja starfsemi sína úr Sundahöfn í Reykjavík og að Álhelli 1 í Hafnarfirði.

Fyrirhuguð starfsemi verður á lóð sem áður hýsti varaafsstöð Landsvirkjunar fyrir álverið í Straumsvík. Samkvæmt skýrslunni er áformað að stækka lóðina og er deiliskipulag þess efnis í vinnslu. Umsögnin miðast því við fyrrgreinda skýrslu en ekki þau skipulagsáform sem fyrirhuguð eru.

### Umsögn heilbrigðisnefndar.

Starfsemin sem um ræðir fellur undir liði 11.07 og 11.12 í viðauka 1 við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og flokkast með B flokki.

Fyrirhuguð starfsemi Hringrásar ehf., að Álhelli 1, er háð starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir líkt og tilgreint er í kafla 1.2. m.t.t. magn málmúrgangs sem þar verður unnið með. Heilbrigðiseftirlitið veitir starfsleyfi fyrir flutninga á spilliefnum sbr. 3. tl. 8. gr. X. viðauka laga nr. 7/1998.

### Úrvinnsla ökutækja

Hringrás áformar að taka á móti bifreiðum sem þegar hafa verið afskráðar. Á árinu 2022 voru alls 2.849 bifreiðar afskráðar af Hringrás og 308 gámar fluttir úr landi af málmum og hjólbörðum. Árið 2022 voru ökutækin 4.006 talsins. Út frá umræddum tölum má ljóst vera að umfang starfseminnar m.t.t. úreldingar bifreiða er umtalsverð. Olú og eldsneyti verður að mestu tappað af eldsneytisgeymum og vélum og bíflök grófhreinsuð uns farið er með í tættara. Gera þarf frekari grein fyrir umræddu ferli hreinsunar spilliefna úr bifreiðum m.t.t. reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Gera þarf grein fyrir áformuðu magni, geymslu og meðhöndlun spilliefna, eldsneytis og olú sem til fellur við úrvinnslu ökutækja.

### Hávaði

Hávaði frá starfseminni hefur verið reiknaður sbr. greinargerð verkfræðistofu Verkís, verk nr. 21334-001. Upplýst er að framleiðandi tættara geri þær kröfur að hljóðstig í 1 m fjarlægð frá einstökum hlutum samstæðunnar sé minni en 85 dB (A). Þá er tilgreint að nokkrir hlutar






til kynna að málmar finnist almennt ekki í miklu magni í andrúmslofti á svæðinu og ekki yfir viðmiðunarmörkum fyrir tiltekna málma. Þó var staðfest að málmar fundust í meira magni á Íshelli en áður hafði verið kannað við Norðurhelli. Með tilkomu eins umfangsmikillar vinnslu og Hringrás áformar má leiða líkum að auknu álagi á loftgæði og að hugsanleg þurfi að auka umhverfissvöktun t.d. aukinna mælinga loftgæða og þungmála.

#### *Samantekt*

Heilbrigðiseftirlitið getur ekki fallist á að áhrif mengunar frá starfseminni séu metin óveruleg til nokkuð neikvæðrar sé litið til staðsetningar á iðnaðarsvæði með ýmsan annan iðnað í næsta nágrenni. Með tilkomu starfsemi Hringrásar má ætla að samlegðaráhrif mengunar með nærliggjandi iðnaðarstarfsemi aukist, sem leitt getur til áhrifa í nærliggjandi þéttbýlissvæði og íbúðabyggð.

Með tilliti til fyrrgreindra athugasemda þá metur heilbrigðiseftirlitið svo að fara þurfi í mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða og þá sér í lagi vegna þess að umfang starfseminnar mun líklegast fara lang yfir þyngdarmörk í viðauka sömu laga.

Virðingarfyllst,

  
Ríkharður F. Friðriksson

## Umsögn brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>  
Frá : Brunavarnasvið - HMS <brunavarnasvid@hms.is>  
Heiti : Umsögn brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar  
Málsnúmer : 202209036  
Málsaðili : Hringrás  
Skráð dags : 02.08.2023 00:00:00  
Höfundur : Brunavarnasvið - HMS <brunavarnasvid@hms.is>  
Viðhengi image003.jpg  
image002.png

Sæll Sigurður

Brunavarnasvið HMS hefur yfirfarið þau gögn sem fylgdu umsagnarbeiðni vegna Álhelli 1 í Hafnarfirði, flutningur á starfssemi Hringrásar ehf.

Í matskyldufyrirspurn er ekki gerð nægileg vel grein fyrir magni þeirra brennanlegu efna sem áætlað er að geyma til flutnings erlendis. Nauðsynlegt er að gerð sé grein fyrir hversu miklu magni af dekkjaúrgangi og viðarkurli er áætlað að séu lageruð á lóð fyrirtækisins. Einnig að gert sé grein fyrir þeim áhrifum sem bruni í áður nefndum efnum getur haft á loftgæði og mengun vegna slökkvivatns.

Að því sögðu telur Brunavarnasvið HMS ekki þörf á kallað sé eftir á umhverfismati framkvæmda sé gert grein fyrir áður nefndum atriðum.

Einnig vill HMS benda á að slík starfssemi er háð áhættumati og brunahönnun í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012

Kveðja / Best regards

**Grétar Þór Þorsteinsson**

Sérfræðingur

Brunavarnir og slökkvilið



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS

**Sent:** fimmtudagur, 6. júlí 2023 10:59

**To:** hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; hef@heilbrigdiseftirlit.is; Ríkharður F. Friðriksson ; liljagr@hafnarfjordur.is; Brunavarnasvið - HMS ; landsnet@landsnet.is; postur@minjastofnun.is; Móttaka - NI ; Snorri Sigurðsson - NI ; Umhverfisstofnun (ust@ust.is) ; Vegagerðin - VG

**Subject:** Umsagnarbeiðni Hringrás, Álhelli 1 fyrirspurn um matsskyldu

Til: Hafnarfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og nágrennis, brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðar ríkisins.

Góðan dag

Fyrirtækið Hringrás áformar flutning úr Sundahöfn að Álhelli 1 í Hafnarfirði. Hringrás hefur sent Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson

25. júlí 2023  
2023 – 07-6/0.11.2

## Efni: Umsögn Landsnets vegna Hringrásar, Álhelli 1.

Landsneti barst, þann 6. júlí 2023, beiðni um að veita umsögn vegna fyrirspurnar um matsskyldu endurvinnslustöðvar Hringrásar í Hafnarfirði.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.


Landsnet vinnur að undirbúningi að færslu Ísallína í Hafnarfirði og verður umhverfismat þeirra kynnt í haust. Lagt er mat á tvær útfærslur mastra, M-stálróramöstur með láréttri uppröðun leiðara og hins vegar einpólamöstur með lóðréttri uppröðun leiðara. Í báðum tilvikum er fela valkostirnir í sér tvær samsíða línur, sem munu liggja meðfram austurhlíð lóðar Hringrásar. Landsneti barst fyrirspurn frá Hringrás um hvort fyrirhuguð lóðarstækkun fyrir starfsemi fyrirtækisins geti gengið, m.t.t. helgunarsvæði fyrirhugaðra nýrra Ísallína. Skoðun Landsnets á helgunarsvæði línanna sýnir að helgunarsvæði línanna (óháð mastragerð) mun ekki ná inn á lóð Hringrásar. Engu að síður bendir Landsnet forsvarsmönnum Hringrásar á bæklinginn *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets<sup>1</sup>.

Að því gefnu að mannvirki og starfsemi Hringrásar haldist utan helgunarsvæðis fyrirhugaðra Ísallína 3 og 4, telur Landsnet framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat, að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Virðingarfyllt

---

Rut Kristinsdóttir  
Sérfræðingur í umhverfismálum



<sup>1</sup> <https://www.landsnet.is/library?itemId=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Garðabær, 1. ágúst 2023  
Málsnúmer: 202307-0009  
IAS


**Efni: Umsögn um matskyldu framkvæmdar – endurvinnslustöð Hringrásar.**

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun dags. 6. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matskyldu framkvæmdar, endurvinnslustöð Hringrásar við Álhelli 1 í Hafnarfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og telur að gerð sé fullnægjandi grein fyrir henni og umhverfisáhrifum hennar í greinargerðinni. Lóðin er á skipulögðu iðnaðarsvæði og hraunið á lóðinni er mikið til raskað og verndargildi þess lágt. Gróður á lóðinni er að mestu flokkaður sem þéttbýli og annað raskað land en á hluta lóðarinnar er eyðihraunavist og mosahraunavist. Áhrif á jarðmyndanir og gróður eru talin óveruleg og að mati Náttúrufræðistofnunar þarf framkvæmdin ekki að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum.


Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur, á sviði náttúruverndar





Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík, 2. ágúst 2023  
UST202307-073/S.A.J.  
10.05.00

### Efni: Ósk um umsögn - umhverfismat framkvæmda og áætlana - Hringrás - Álhella 1

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### Lýsing framkvæmdar

Starfsemi Hringrásar felst m.a. í móttöku og geymslu fyrir útflutning á brotajárni og þ.m.t. farartækjum, yfir 1.500 tonnum á ári. Framkvæmdin fellur því undir tölulið 11.07 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem setur hana í flokk B. Framkvæmdir í flokki B eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. 19. gr. laga nr. 111/2021. Unnið hefur verið að breytingu á deiliskipulagi fyrir Álhelli 1.

Fyrirhugaðar framkvæmdir á lóðinni að Álhelli 1 eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfum frá Hafnarfjarðarbæ.

Rekstur og meðferð málmúrgangs í tæturum með afkastagetu yfir 50 tonn á dag er háður starfsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Núverandi starfsemi Hringrásar að Klettagördum 9 í Reykjavík, sem felur ekki í sér rekstur á tætarum, er háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Framkvæmdir á lóðinni á Álhelli fela í sér jöfnun á lóð með lagningu á fráveitukerfi og lögnum fyrir ofanvatn og skólþ, auk fastefna- og olíuskilja undir lokað yfirborð sem verður ýmist steipt eða malbikað. Gert er ráð fyrir vatnshalla á yfirborði lóðar frá jaðrinum þannig að allt afrennsli fari í niðurföll og í gegnum hreinsun í skiljum en renni ekki beint út af lóðinni. Einnig þarf að setja niður lagnir fyrir kalt og heitt vatn auk aflstrengja og ljósleiðara.

Þegar er búið að rífa innan úr húsi sem reist var utan um gastúrbínur Landsvirkjunar skömmu fyrir síðustu aldamót. Einnig er búið að fella og fjarlægja tvo skorsteina og tvo spenna sem stóðu við húsið. Tveir stórir dísel tankar, rúmlega 12 m háir og um 15 m í þvermál, sem stóðu á lóðinni hafa verið rifnir og stálið sent í endurvinnslu. Núverandi hús verður útbúið sem verkstæði fyrir starfsemi og búnað Hringrásar. Sunnan við húsið verður steipt þvottaplan.

Vestast á lóðinni verður tætarasamstæðan sett upp ofan á steipta plötu og byggt hús utan um mótur tætarans og annan vél- og rafbúnað honum tengdum. Húsið verður steipt og einnig verða steiptar sérstakar undirstöður undir tætarann og annan búnað.

Aðkoma inn á lóðina verður norðan megin frá og þar er fyrirhugað að byggja um 700 m<sup>2</sup> skrifstofu- og þjónustubyggingu á tveimur hæðum. Austan við skrifstofurnar verða tvær vogir til að vigta farm bíla sem fara inn og út af lóðinni. Austast á lóðinni verður reist um 2.000 m<sup>2</sup> flokkunarstöð þar sem tekið verður á móti endurvinnsluefni úr gámum. Flokkunarstöðin verður stálgrindarhús á steiptum grunni

og með steiptum veggjum upp í u.þ.b. 1,5 m hæð. Á öðrum svæðum á lóðinni er fyrirhugað að vera með nokkrar tjaldskemmur, sambærilegar og þær sem nú eru í notkun á athafnasvæði Hringrásar í Klettagörðum. Þar verði m.a. unnið að grófhreinsun bláflaka áður en þau fara í tættara og ónýtir hjólbarðar verða skornir og baggaðir.

Settir verða upp hleðsluveggir til skiptingar á lóðinni í brunahólf fyrir mismunandi efnisflokka. Einnig er fyrirhugað að byggja steiptan vegg á lóðarmörkum á mótis við lóðina að Álhelli 3, sem er vestan við Álhelli 1, til skermingar vegna hljóðs og ásýndar, mest 5,5-6,5 m háan. Gerð verður jarðvegsmön sunnan og austan lóðar vegna ásýndar og sett verður upp girðing á lóðarmörkum innan manar.

### Vatnamál

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtíma vernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 28. gr. lagana skal við afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki, leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við útgáfu leyfis þarf að gæta að þessari stefnumörkun vatnaáætlunar. Ef niðurstöður vöktunar vatnshlotsins eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun náist ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgæfið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð. Framkvæmdarsvæðið er innan grunnvatnshlotsins 104-265-G Straumsvíkurstraumur. **Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.** Ástand vatnshlotsins má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið. Mikilvægt er að öll forvinna og grunnrannsóknir séu vel af hendi gerðar áður en farið er af stað í framkvæmdir og áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotið metin.

Í kafla 5.2. matsskyldufyrirspurnar kemur fram að spilli- og endurvinnsluefni mun verða meðhöndluð á lóðinni, og að afrennsli verður leitt í púkkpúða og niður í jarðgrunninn, eftir að hafa farið í gegnum fastefna- og olúgildrur. Umhverfisstofnun bendir á öll bein og óbein losun efna á lista I og II reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, er leyfisskyld og háð skilyrðum samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar. Bein losun er skilgreind sem losun efna í grunnvatn, oftast frá stakri uppsprettu, án þess að þau síst í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn. Óbein losun er þegar efni berast frá dreifðum uppsprettum, eða er hætta á að geti borist, í grunnvatn eftir síun í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn. Til óbeina losana telst m.a. meðhöndlun og geymsla úrgangsefna eða efna á lista I og II reglugerðarinnar. Ef þessi efni eru losuð í grunnvatn eða meðhöndluð á svæðinu í verulegu magni er umsækjandi skyldur skv. 13 gr. reglugerðarinnar að rannsaka áhrif beinnar losunar og mögulegrar óbeinnar losunar á efnafræðilegt ástand

grunnvatnshlotsins. Miða skal við losunarmörk sem eru sett fram í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og öðrum hlutaðeigandi reglugerðum.

### Loftgæði

Fram kemur í tilkynningunni að til að forðast rykmyndun frá tætaranum verði vatni úðað á efnið áður en það er tætt. Aftar í vinnslulínunni þar sem skilvindur eru notaðar til flokkunar á tættu efni í mismunandi efnisflokkum er afsog tengt við pokasíuvirki. Samkvæmt skilgreiningu frá framleiðanda tætarans er ryklosun með lofti úr pokasíunum minni en 5 mg/Nm<sup>3</sup>. Umhverfisstofnun vekur athygli á að evrópusambandið hefur gefið út BAT-niðurstöður fyrir umræddan iðnað, sjá hér <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32018D1147>, og mun stofnunin vísa til þeirra er kemur að vinnslu starfsleyfis.

Ljóst er að töluverð loftmengun getur borist frá umræddri starfsemi og eru ítarlegar kröfur um hreinsun og mælingar settar fram í BAT-niðurstöðunum.

### Hljóðvist

Fram kemur í matskyldufyrirspurninni að mikil hávaði mun berast frá starfseminni. Samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, töflu III í viðauka, skal hljóðstig við húsvegg á iðnaðar- og athafnasvæði ekki vera yfir 70 dB(A). Framleiðandi tætara gerir þær kröfur til sinna birgja að hljóðstig í 1 m fjarlægð frá einstökum hlutum samstæðunnar, svo sem viftum, pokasíuhúsi og færíböndum sé minna en 85 dB(A). Þó eru nokkrir hlutar grunnbúnaðarins sem gefa frá sér hærra hljóðstig s.s. tætarinn sjálfur og mótör hans. Hljóðstigið er einnig tiltölulega hátt frá mötun inn í tætarann, á svæði þar sem vélræn flokkun á efni fer fram og þar sem tættur málmur kemur af færíbandi.

Áætlað er að staðsetja tætarann nálægt lóðamörkum í vestur enda lóðar og er hann því nálægt nágretta á næstu lóð. Samkvæmt reiknuðu hljóðstigi er hávaði við húsvegg á næstu lóð of hár nema gripið verði til ýmissa mótvægisáðgerða og með þeim er hávaðinn tæp 66 dB(A) samkvæmt útreikningum. Ljóst er að mikil hávaðamengun mun berast frá starfseminni og er ekki ljóst hvort fyrirætlaðar mótvægisáðgerðir eru fullnægjandi til að tryggja að hávaðinn verði innan marka skv. reglugerð.

### Jarðmyndanir

Fram kemur í matskyldufyrirspurninni að með framkvæmdinni raskast nútímahraun er nýtur sérstakrar verndar í samræmi við 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Jarðmyndunum af þessum tagi ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Fram þarf að koma hvaða ríku almannahagsmundir réttlæti þá röskun.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

### Niðurstaða

Hér er um að ræða umfangsmikla framkvæmd og starfsemi er fellur undir fyrsta viðauka við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en undir þann viðauka fellur mest mengandi starfsemin. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni koma til með að hafa neikvæð áhrif á loftgæði, hljóðvist og mögulega neikvæð áhrif á grunnvatn ásamt því að hafa neikvæð áhrif á umhverfi starfseminnar og telur því æskilegt að framkvæmdin fari í umhverfismat, þannig að gerð verði grein fyrir framkvæmdinni í heild, umhverfisáhrifum, raunhæfum valkostum og mótvægisáðgerðum. Einnig vill stofnunin benda á mikilvægi ferlis umhverfismats til að gefa almenningi og hagaðilum kost á að koma að sínum sjónarmiðum varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**